

síztur vottur um. Örnefni og jurtanöfn, sem lýsa því ef til vill bezt, hve glöggum augum þeir litu á náttúruna.

Það er naumast of rikt að orði kveðið, að það hugsunarfari, sem vér nefnum ví sindalegt, gægist fram í orðunum frægu: „Um hvat reiddust goðin, þá er hér brann hraunit, er nú stöndum vér á“. — Snorri goði kemur þar fram sem fyrsti jarðfræðingur á Íslandi. Og hver veit, nema þessi litli vísis, sem þarna gægist fram, hefti að miklu orðið, ef Íslendingum hefði auðnast að varðeita lengur andlega frelsið.

En kyrkjutrúin skemdi of tiljótt skynsemi Íslendinga. Enginn harðstjóri er ógurlegri en hjátrúin, og sjáum vér það ekki sízt á því, hvernig miðaldatrúin gat svínþeygt jafn harðsvíraða menn og Forn-Íslendingar einatt voru.

Eitt hið æðsta hlutverk ví sindanna er nú, eins og hinn mikli Herbert Spencer hefir tekið fram, að herja á hjátrúna. Æfi mannkynsins er nógu ill og bölvuð, og framfaraleiðin torsótt, þó að ekki sé á draugamyrkur hjátrúarinnar.

Ví sindin hafa stutt fjárafla mennina til að gera gullhrúgur sínar stærri en dæmi voru til áður. En hitt er þó meira um vert, að þau hafa slökt vantrúarbálin, og galdrabrennurnar, sem ótti vanþekkingarinnar og grímdarfíll hræsni trúverndaranna (inkvisitoranna) hafti kveikt við eld helvítis, hundruðum þúsunda saman. Fleira mætti auðvitað telja sem ví sindin, þ. e. ávöxtur skynsamlegrar og viðtækjar rannsóknar og íhugunar, hafa gert til að létta kvöllum af mannkyninu, og er þó að líkindum lítið unnið í þá átt á móts við það, sem enn mun verða gert; því að jarðfræði og fornfræði benda til þess, að mannkynið sé enn þá naumast komið af bernskuskeiði, en ví sindi og mannúð öll rétt að hefjast.

Það er í augum uppi, að saga Íslendinga hefði orðið mjög á annan veg, hefðu þeir þegar á þjóðveldistímanum verið komnir svo langt í þekkingu, að trúin á helvítí hefði ekki getað fest rætur hjá þeim. Eg skal minnast á það eitt, að án þeirrar trúar var kyrkjavalldið óhugsanlegt, en kyrkjavalldið var það, sem einna mestan þátt átti í að koma landinu undir konung, og biskuparnir urðu síðar meir beinlínis að landplágu, eins og